

Fundargerð 432

Mánudaginn 28. september 2015 kl. 10:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártorgi 1, Sauðárkróki. Þessir fundarmenn sátu fundinn; Herdís Á. Sæmundardóttir formaður, Einar E. Einarsson, Karl Björnsson, Oddný María Gunnarsdóttir, Páll Baldursson, Sigríður Jóhannesdóttir og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs (við dagskrárliði 1-5), Pétur Ingi Grétarsson lánasérfræðingur á fyrirtækjasviði (við dagskrárlið 7), Sigurður Árnason sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 4), Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 10:00 og bauð fundarmenn velkomna. Formaður tilkynnti að Ásthildur Sturludóttir hefði sagt sig úr stjórn og Páll Baldursson tæki sæti hennar.

Lögð var fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerðir funda nr. 430 og 431
2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2015
3. Húsnæðismál Byggðastofnunar
4. Aflamark Byggðastofnunar 2015-2016
5. Kynning á fullnustueignum Byggðastofnunar
6. Fundargerðir lánanefndar
 - a. ...
7. ...
8. Óverðtryggð lán
9. Hækkun áhættuviðmiða í gistingu
10. Byggðaleg áhrif innflutningsbanns Rússa – kynning
11. Verkefni atvinnuþróunarfélaga 2014
12. Önnur mál
13. Næsti fundur

1. Fundargerðir funda nr. 430 og 431

Formaður bar upp fundargerðir funda nr. 430 og 431. Voru þær samþykktar og dreift til undirritunar.

2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2015

AÐ rakti hvernig hlutverk og verkefni Byggðastofnunar væru smátt og smátt að breytast og þróast á þann veg að hún sinni núfleiri stjórnsýsluverkefnum en áður, t.d. ráðstöfun viðbótaraflamarks, úthlutun styrkja til flutningsjöfnunar og fl. Þetta er að mörgu leyti jákvætt og getur skapað aukinn stöðugleika og festu í starfsemi.

AÐ fór yfir rekstur 31. ágúst sl. SBS fór yfir verkefni á þróunarsviði. Búið er að skila skýrslu um eignarhald kvenna í landbúnaði og greinargerð um byggðaleg áhrif innflutningsbanns Rússa. Þá fór hann yfir stöðu verkefnisins Brothættra byggða, en skv. frumvarpi til fjárlaga 2016 lækkar framlagið til verkefnisins um 50 mkr. frá árinu 2015

EGK sagði frá þjónustukönnun sem væri verið að undirbúa meðal viðskiptavina stofnunarinnar og vinnu með Vífil Karlssyni um leiðir til að meta árangur af starfsemi Byggðastofnunar.

3. Húsnæðismál Byggðastofnunar

Formaður sagði frá fundi hennar með atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra þann 10. september sl. Búið er að funda með starfsfólki sveitarfélagsins Skagafjarðar varðandi lóðir sem eru á lausu. Lagði formaður til að skipaður yrði starfshópur þar sem í sætu þrír frá stjórn og tveir starfsmenn. Starfshópurinn hefði það verkefni að yfirfara áður gerða þarfagreiningu og funda með Framkvæmdasýslu ríkisins og öðrum er málið varðar um fyrirkomulag framkvæmda.

Lagt er til að í starfshópnum sitji, Herdís Á. Sæmundardóttir, Einar E. Einarsson, Karl Björnsson, Aðalsteinn Þorsteinsson og Magnús Helgason.

Samþykkt samhljóða.

4. Aflamark Byggðastofnunar 2015-2016

SÁ kom inn á fundinn undir þessum lið og fjallaði um aflamark Byggðastofnunar. Fjallaði hann um úthlutanir fiskveiðiárið 2014/15 og stöðu þeirra samninga sem gerðir voru vegna fiskveiðiársins 2015/16. Þá fjallaði hann um þær viðbótar heimildir sem Byggðastofnun hefur til úthlutunar á fiskveiðiarinu 2015/16 og hugmyndir að ráðstöfun þeirra. Að lokum fór hann yfir erindi frá Ísfisk ehf. þar sem óskað er eftir því að móttframlag á móti 300 tonna byggðakvóta til Breiðdalsvíkur verði skv. ½ reglu, þ.e. 600 tonn.

Voru eftirfarandi tillögur lagðar:

1. Forstjóra verði heimilað að framlengja samninga vegna Suðureyrar, Raufarhafnar og Drangness til tveggja ára eins og heimilt er skv. núgildandi samningum með fyrirvara um að markmið samningsins hafi haldið á nýliðnu fiskveiðiári og yfirstandandi fiskveiðiári.
2. Forstjóra verði heimilað að rifta samningi vegna Tálknafjarðar og auglýsa 400 þorskígildistonna til þriggja ára að nýju.
3. Forstjóra verði heimilað að rifta samningi við Toppfisk ehf. og Bylgjuna VE ehf. vegna Bakkafjarðar vegna vanefnda og auglýsa að nýju 125 þorskígildistonn að nýju til þriggja ára og að auki 25 þorskígildistonna kvóta til eins árs sem færðist af nýliðnu fiskveiðiári.
4. Forstjóra verði falið í samráði við forstöðumann lögfræðisviðs að leita leiða til að endurheimta þær aflaheimildir sem færðar voru á Bylgjuna VE í samningi vegna Bakkafjarðar, eða ígildi þeirra og ekki voru nýttar samkvæmt samningi.
5. Forstjóra verði heimilað að framlengja samning við Halldór Jónsson fiskvinnslu ehf. vegna Bakkafjarða um 25 þorskígildistonn til tveggja ára eins og heimilt er skv. núgildandi samningum með fyrirvara um að markmið samningsins hafi haldið á nýliðnu fiskveiðiári og yfirstandandi fiskveiðiári. Jafnframt verði forstjóra falið að taka upp núverandi samning fyrir yfirstandandi fiskveiðiár.
6. Forstjóra verði falið að auglýsa 150 tonn vegna Breiðdalsvíkur til styrkingar útgerðar og vinnslu á staðnum.

Formaður bar allar tillögurnar upp og voru þær samþykktar samhljóða.

SÁ vék af fundi.

5. Kynning á fullnustueignum Byggðastofnunar

HÁ fór yfir minnisblað um fullnustueignir Byggðastofnunar. Stofnunin á í dag 18 eignir sem er fækkun um fjórar eignir frá áramótum. Flestar þeirra eru í útleigu en sala á mörgum þeirra hefur gengið hægt. Umræður urðu um stofnun fasteignafélags utan um þær en stjórn hafði áður fjallað um slíkt fyrirkomulag og fallið frá því.

Fundi frestað kl. 12:00 og síðan framhaldið kl. 12:42

6. Fundargerðir lánanefndar

Fundargerð lánanefndar nr. 24/15, 2. september 2015

AÐ og EGK fóru yfir fundargerðina.

...

...

Fundargerð lánanefndar nr. 25/15, 10. september 2015

AÐ og EGK fóru yfir fundargerðina.

Fundargerð lánanefndar nr. 26/15, 16. september 2015

AÐ og EGK fóru yfir fundargerðina.

Fundargerð lánanefndar nr. 27/15, 24. september 2015

AÐ og EGK fóru yfir fundargerðina.

...

...

...

7. ...

...

8. Óverðtryggð lán

Árið 2013 samþykkti stjórn Byggðastofnunar að stofnunin færi að veita óverðtryggð lán og var 500 mkr. þak sett á lánveitingarnar. Því þaki hefur nú verið náð og er lagt til í minniblaði frá forstöðumönnum fyrirtækja- og rekstrarsviðs að heimildin verði aukin um 500 mkr. til viðbótar.

Samþykkt samhljóða.

9. Hækkun áhættuviðmiða í gistingu

Á 430. fundi stjórnar Byggðastofnunar var bókað „*Samþykkt að forstjóri og forstöðumaður fyrirtækjasviðs kæmu með tillögu fyrir næsta fund stjórnar um hvort ástæða sé til að hækka viðmiðið í útlánastefnunni hvað þessa grein varðar og stofnunin taki þátt í þessari miklu uppbyggingu áfram frekar en að draga úr eða herða lánveitingar til greinarinnar.*“

Lán Byggðastofnunar í ferðaþjónustu voru 30. júní sl. 32% af útlánasafni (má mest vera 35%) Af þeim voru lán til reksturs hótels og gistiheimila 24% af útlánasafni en skv. áhættustefnu má það mest vera 20%. Annað tengt ferðaþjónustu er 7% af útlánasafni en má mest vera 20%.

Ljóst er að Byggðastofnun er mikilvægur hlekkur í því að uppbygging ferðaþjónustu takist vel á landsbyggðunum og fjármagni verkefni til að svo megi vera en nauðsynlegt er að fara varlega og að áfram verði fylgst náið með hlutfalli atvinnugreinarinnar í lánasafninu og stöðu greinarinnar. Mikilvægt er að við ákvörðun um lánveitingar í þessa grein verði byggðsjónarmið látin vega þungt og valið að lána sérstaklega til þeirra verkefna sem talin eru skila töluverðum virðisauka fyrir viðkomandi svæði s.s. með fjölgun starfa, þjónustu og afleiddrar þjónustu. Eins þarf að tryggja það að í stærri og kostnaðarmeiri verkefnum sé nægilegt eigið fé því reynsla stofnunarinnar er sú að þau verkefni í ferðaþjónustu sem hefur átt að fjármagna nær eingöngu með lánsfé hafa lifað mjög stuttan tíma.

Tillaga forstjóra og forstöðumanns fyrirtækjasviðs er að stjórn samþykki að hlutfall lána í flokknum Rekstur hótels og gistiþjónustu fari í 30% af heildar útlánasafni.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

10. Byggðaleg áhrif innflutningsbanns Rússa – kynning

AP og SBS fóru yfir skýrslu sem stofnunin vann fyrir atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið um byggðaleg áhrif innflutningsbanns Rússa. Leitað var upplýsinga hjá helstu hagsmunaaðilum í sjávarútvegi auk sveitarfélaga. Einnig var haft samráð við samtök sjómanna og verkafólks.

Áhrifin eru líklega minni en óttast var í fyrstu. Áhrifin á fyrirtækin eru minni en ella þar sem verð á mjöl og lýsi er það hátt og nægur markaður til staðar. Almennt er ekki gert ráð fyrir uppsögnum starfsfólks að svo stöddu en fyrir fólk í frystingu verður tekjufallið tilfinnanlegt. Reiknað er með að tekjutap sjómanna og landverkafólks verði á bilinu 990 til 2.550 mkr.

11. Verkefni atvinnuþróunarfélaga 2014

Lögð var fram skýrsla um verkefni atvinnuþróunarfélaganna árið 2014 sem óskað var eftir á fundi stjórnar 23. júní sl. Nokkrar ábendingar komu fram um innihald skýrslunnar.

12. Önnur mál

KB kynnti ritið *Notaðu lykiltölur við stjórnun* sem nýverið var gefið út af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Starfsáætlun 2016

AÐ sagði að stefnt væri að starfsáætlun 2016 yrði tilbúin í nóvember nk. SBS sagði að vinna við Byggðaáætlun og Sóknaráætlun landshluta yrði tímafrekt verkefni. Reiknað sé með að vinna við nýja byggðaáætlun hefjist í ársbyrjun 2016 og standi til hausts. Vinna við byggðakvóta væri orðin fullt starf og mat á áhrifum nýfjárfestingasamninga tekur tíma.

13. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 26. eða 27. október nk. í Reykjavík í tengslum við ráðstefnuna *Sveitarstjórnarstigið á 21. öldinni* sem Samband íslenskra sveitarfélaga stendur fyrir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:40

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____